

## AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, herra Ásgeir Ásgeirsson, kom í gærkvöld úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

*Í forsætisráðuneytinu, 18. apríl 1966.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Birgir Thorlacius.*

Nr. 25.

22. apríl 1966.

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 45 3. apríl 1963, um Iðnlánasjóð.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

2. tölul. 5. gr. orðist svo:

Framlag ríkissjóðs, 10 milljónir króna á ári, í fyrsta sinn 1967.

#### 2. gr.

1. mgr. 6. gr. orðist svo:

Heimilt er Iðnlánasjóði, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að taka allt að 150 milljón króna lán, eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, ef árlegt ráðstöfunarfé sjóðsins nægir ekki til, að hann geti á viðunandi hátt gegnt hlutverki sínu.

Á eftir 1. mgr. 6. gr. komi ný málsg. svo hljóðandi:

Iðnlánasjóði er jafnframt heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að taka allt að 100 milljón króna lán til þess að mynda nýjan lánaflökk í því skyni að veita sérstök hagræðingarlán til viðbótar almennum lánum, er að mati sjóðsstjórnarinnar teldust stuðla verulega að því að auka framleiðni og bæta aðstöðu iðnfyrirtækis til þess að aðlaga sig nýjum viðhorfum vegna breyttra viðskiptahátta, svo sem tollabreytinga og fríverzlunar. Mega lán þessi vera með betri kjörum en lán sjóðsins almennt, svo sem með lægri vöxtum, lengri lánstíma eða afborgunarlausa fyrst í stað, allt eftir því, sem nánar yrði ákveðið í reglugerð.

#### 3. gr.

Á eftir 3. tölulið 8. gr. komi nýr töluliður, 4. töluliður, svo hljóðandi:

4. Til hagræðingar í iðnrekstri í samræmi við ákvæði 6. gr.

#### 4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 22. apríl 1966.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Jóhann Hafstein.*